

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1581
komudagur 7.3.2003

Athugasemd við þskj. 107 – 107. mál

Tillaga til þingsályktunar um greiningu lestrarvanda.

Það eru grundvallarmannréttindi að allir standi jöfnum fæti þegar kemur að rétti til náms. Sem fyrrverandi menntaskólanemar hefur okkur þótt miður að sjá samnemendur flosna upp úr námi sökum lestrarörðugleika. Þetta fólk ætti að hafa sömu möguleika til náms og við hin.

Að okkar dómi hefur starfsstöðvun Lestrarmiðstöðvarinnar að líkindum ekki hjálpað þeim nemum sem glíma við þetta vandamál. Að auki eru 30 milljónir ekki stór sneið af köku ríkisins ef fé þetta getur skilað auknum mannauði út í samfélagið. Fjárfesting í menntun verður ekki metin til fjár.

Háskólanum í Reykjavík, 05. mars 2003
Viska, félag stúdenta við HR